

406. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 11. apríl 2006 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður
Rúnar Gíslason,
Guðmundur Kristinsson, varamaður
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórnun.

1. Fundargerðir nefnda.
 - 1.1. Ljósmyndasafn Stykkishólms, dags. 5.4.2006.
Fundargerð og gjaldskrá framlagðar og samþykktar. Bæjarstjóra falið að svara erindi nefndarinnar.
 - 1.2. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 10.4.2006.
Fundargerð framlögð liðir 1-10 og 11 b. samþykktir og fundargerð samþykkt.
 - 1.3. Jafnréttisnefnd Stykkishólmsbæjar, dags. 21.11.03., 20.1.05., 27.3.06. og 10.4.06.
Fundargerðir framlagðar og samþykktar. Jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar samþykkt.
 - 1.4. Stefnumörkun í málefnum aldra, dags. 17.1., 24.1., 16.3., 21.3., 29.3., 3.4.06.
Fundargerðir framlagðar og samþykktar.
2. Aðrar fundargerðir.
 - 2.1. Safnanefnd Byggðasafns Snæfellinga, dags. 4.4.2006.
Fundargerð framlögð.
 - 2.2. Aðalfundur Eflingar Stykkishólms, dags. 1.4.2006.
Fundargerð framlögð. Það eru tilmæli frá aðalfundinum að bæjarstjórn láti kanna eftir réttum leiðum hvort varðveita beri gamla veginn yfir Kellingaskarð. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið.
 - 2.3. Fundur fulltrúa Framkvæmdaráðs Snæfellsnes með fulltrúum Stykkishólmsbæjar, dags. 4.4.2006 ásamt samantekt vegna Green Globe 21 úttekta á Snæfellsnesi 11.-14. mars 2006.
Fundargerð og greinargerð framlögð.
4. Erindi HEFST frá bæjarráðsfundi nr. 405.
Lögð fram eftirfarandi tillaga:
“Bæjarráð Stykkishólms samþykkir styrkumsókn HEFST dags. 6. apríl 2006 til að byggja reiðskemmu á svæði félagsins við Fákaborg. Styrkurinn nemi allt að 15 millj. kr. að gatnagerðagjöldum inniföldum.
Skilyrði styrkveitingar Stykkishólmsbæjar eru:
 1. Þinglýstur eigandi hússins verði HEFST.
 2. Styrkur að upphæð 10 millj. kr. fáið frá úthlutunarnefnd Landbúnaðarráðuneytisins um byggingu reiðhúsa.
 3. Aðrar fjármögnunarleiðir sem HEFST tilgreinir í umsókninni að upphæð 5 millj. kr. gangi eftir.
 4. Styrkgreiðslur af hálfu Stykkishólmsbæjar hefjast árið 2007 og dreifast jafnt á 5 ár.”

**Elísabet Lára Björgvinsdóttir
Rúnar Gíslason**

Samþykkt samhljóða. Erindi HETST varðandi árlegan rekstrarstyrk sem nemi a.m.k. árlegum fasteignagjöldum af húsinu, er vísað til samþykktar bæjarráðs frá 12. janúar s.l.

5. Lóðinni að Hjallatanga 4 sagt lausri.

Uppsögn lóðar lögð fram.

6. Lóðarumsóknir.

6.1. Þórarinn Sighvatsson f.h. Sumarbústaða ehf. sækir um lóðir að Hjallatanga 4 og 12.

Samþykkt að veita Sumarbústöðum ehf. lóðirnar að Hjallatanga 4 og 12.

7. Bæjastjóri gerði grein fyrir stöðu samningagerðar um Vatnasafn í Stykkishólmi.
8. Mat á landi við Borg í Stykkishólmi.

Bæjarráð samþykkir að Ingi Tryggvason lögfræðingur úr Borgarnesi meti landið.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.18:46

Þór Örn Jónsson, bæjarritari